

**Rannsóknarnefnd samgönguslysa  
10 231**

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**

**Kt. 450613-1850**

**Húsi FBSR Flugvallavegi 7, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er ríkisaðili í A-hluta sem heyrir stjórnsýslulega undir Samgönguráðherra. Hún starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum samkvæmt lögum nr. 18/2013. Hjá RNSA starfa 7 manns, þ.e. 6 rannsakendur og 1 móttökuritari. Í lögunum er meðal annars að finna þrjá mismunandi kafla um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðaslysa (ásamt alvarlegum atvikum). Rannsóknum er þannig skipt í einstaka flokka sbr. 4.gr. laganna.

Samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa (8. gr.) er kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa greiddur úr ríkissjóði. RNSA ber að rannsaka öll samgönguslys og alvarleg samgönguavvik, ekki er mögulegt að segja til um þann kostnað sem mismunandi slys bera með sér. Það er því tölувart um ófyrirséðann kostnað sem að undanförnu hefur verið mætt með aukafjárveitingu. Fyrirkomulagið er nú að breytast þannig að ráðuneytið hafi á að skipa sjóð sem mætir slíkum kostnaði rannsóknarnefndarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 11 og málauflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 177,0 milljónir og afkoma kr. 1,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 30,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Rannsóknarnefndar samgönguslysa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknarnefndar samgönguslysa fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Þorkell Ágústsson,  
rekstrarstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	172.100.000	174.900.000
Framlög og ýmsar tekjur .....		116.284	237.486
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>4.766.034</u>	<u>3.095.372</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>176.982.318</b>	<b>178.232.858</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	140.454.027	132.186.695
Framlög og tilfærslur .....		5.000.000	0
Annar rekstrarkostnaður .....	4	25.322.052	33.324.175
Afskriftir .....	5	<u>4.766.034</u>	<u>3.095.372</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<b>175.542.113</b>	<b>168.606.242</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>			
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(52.421)</u>	<u>(355.410)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>1.387.784</b>	<b>9.271.206</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárhheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	6.387.784	9.271.206
Rekstrartilfærslur .....		<u>(5.000.000)</u>	<u>0</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>1.387.784</b>	<b>9.271.206</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður .....	9.581.670	9.481.298	
Farartæki og vélar .....	9.315.039	10.792.707	
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>18.896.709</b>	<b>20.274.005</b>	
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	10.808.228	9.505.358
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		665.090	282.432
Handbært fé .....		20.000	20.000
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>11.493.318</b>	<b>9.807.790</b>	
<b>Eignir samtals</b>	<b>30.390.027</b>	<b>30.081.795</b>	
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		(1.930.665)	(3.318.449)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>(1.930.665)</b>	<b>(3.318.449)</b>	
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	0	348.136
Viðskiptaskuldir .....		2.481.923	695.353
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	13.363.874	16.215.826
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	16.474.895	16.140.929
<b>Skuldir samtals</b>	<b>32.320.692</b>	<b>33.400.244</b>	
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>30.390.027</b>	<b>30.081.795</b>	
<b>Aðrar upplýsingar</b>	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstremisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		1.387.784	9.271.206
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	5	4.766.034	3.095.372
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.766.034)	(3.095.372)
		1.387.784	9.271.206
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(382.658)	(282.432)
Tengdir aðilar .....		60.256	(9.294.894)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(1.065.382)	306.120
		(1.387.784)	(9.271.206)
		0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	6	(3.388.738)	(15.043.956)
		(3.388.738)	(15.043.956)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		3.388.738	15.043.956
		3.388.738	15.043.956
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		20.000	20.000
		20.000	20.000

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjalffærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsrekning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárfamlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	172.100.000	174.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.766.034	3.095.372
	<b>176.866.034</b>	<b>177.995.372</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	167.500.000	0	0	167.500.000
Fjárukalög .....	(400.000)	0	0	(400.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	5.000.000	0	0	5.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>172.100.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>172.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(165.712.216)	(5.000.000)	0	(170.712.216)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>6.387.784</b>	<b>(5.000.000)</b>	<b>0</b>	<b>1.387.784</b>

	2020	2019
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	116.570.245	107.058.475
Orlof, breyting .....	(2.307.425)	607.148
Launatengd gjöld .....	25.822.334	24.177.772
Starfsmannakostnaður .....	368.873	343.300
	<b>140.454.027</b>	<b>132.186.695</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	7	7

	2020	2019
<b>4 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.....	882.669	918.997
Byggingarvörur, almennar .....	44.781	148.063
Byggingarvörur, aðrar .....	6.716	0
Ýmis tæki og áhöld .....	659.703	665.528
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	699	998
Orkugjafar .....	1.579.950	1.531.003
Matvæli .....	1.081.147	1.154.968
Almennar rekstrarvörur .....	694.475	212.240
Vörukaup, almenn	4.950.140	4.631.797
Kennslu- og föndurvörur .....	0	7.000
Ýmsar sérgreindar vörur .....	130.949	0
Vörukaup, sérgreind	130.949	7.000

## Skýringar

	2020	2019
<b>4 Annar rekstrarkostnaður framhald</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	607.814	1.724.450
Ferðir, uppihald .....	1.058.415	7.329.994
Akstur .....	288.630	703.025
Sérfræðiþjónusta .....	2.359.489	2.147.873
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	149.936	342.083
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	301.883	11.300
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	84.461	649.110
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>4.850.628</u>	<u>12.907.835</u>
 Samningsbundin kaup og leiga .....	665.064	690.182
Afnotagjöld .....	5.561.680	5.324.460
Leigugjöld .....	5.000.390	5.073.636
Notkun véla og flutningataækja .....	88.524	0
Verkkaup .....	3.092.573	3.673.026
Áhættutap og bætur .....	0	77.309
Tryggingar, lögboðnar .....	447.357	385.373
Opinber gjöld .....	522.347	489.917
Tilfærslur .....	<u>12.400</u>	<u>63.640</u>
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>15.390.335</u>	<u>15.777.543</u>
 Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>25.322.052</u>	<u>33.324.175</u>

## 5 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður .....	2.362.547	2.066.733
Farartæki og vélar .....	1.477.668	1.028.639
Sölutap og úreltar eignir .....	925.819	0
	<u>4.766.034</u>	<u>3.095.372</u>

## 6 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	9.581.670	9.481.298
Farartæki og vélar .....	9.315.039	10.792.707
	<u>18.896.709</u>	<u>20.274.005</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	17.464.647	11.821.346	29.285.993
Viðbætur á árinu .....	3.388.738	0	3.388.738
Selt/niðurfært á árinu .....	(5.449.316)	0	(5.449.316)
	<u>15.404.069</u>	<u>11.821.346</u>	<u>27.225.415</u>
 Afskriftir 1.1.2020 .....	7.983.349	1.028.639	9.011.988
Selt/niðurfært á árinu .....	(4.523.497)	0	(4.523.497)
Afskrift ársins .....	<u>2.362.547</u>	<u>1.477.668</u>	<u>3.840.215</u>
	<u>5.822.399</u>	<u>2.506.307</u>	<u>8.328.706</u>
 Staða 31.12.2020 .....	<u>9.581.670</u>	<u>9.315.039</u>	<u>18.896.709</u>

## Skýringar

31.12.2020 31.12.2019

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	10.808.228	9.505.358
	<hr/>	<hr/>
	10.808.228	9.505.358

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	0	348.136
	<hr/>	<hr/>
	0	348.136

### 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. ....	(3.318.449)	(12.589.655)
Afkoma ársins .....	1.387.784	9.271.206
Jöfnuður 31.12. ....	(1.930.665)	(3.318.449)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 9 Ýmsar skammtímaskuldir

31.12.2020 31.12.2019

Ógreitt orlof .....	12.928.911	15.236.336
Ógreidd laun .....	0	260.400
Önnur ógreidd gjöld .....	434.963	719.090
	<hr/>	<hr/>
	13.363.874	16.215.826

## Skýringar

### 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	18.896.709	20.274.005
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) .....	<u>(2.421.814)</u>	<u>(4.133.076)</u>
	<u>16.474.895</u>	<u>16.140.929</u>
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting
Staða 1.1.2020 .....	20.274.005	(4.133.076)
Fjárfestingsarfjárveiting ársins .....	0	5.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	3.388.738	(3.388.738)
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(4.766.034)</u>	<u>0</u>
	<u>18.896.709</u>	<u>(2.421.814)</u>
	Samtals frestaðar tekjur	
	16.140.929	
	5.100.000	
	0	
	(4.766.034)	
	<u>18.896.709</u>	<u>16.474.895</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 3,7 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 11 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsaleigu og tímabundna og ótímabundna skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga. Greiðslur vegna húsaleigusamnings munu nema kr. 5,1 milljónum árið 2021 og kr. 2,9 milljónum vegna rekstrar- og þjónustusamninga árið 2021.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.